

Fréttir af RTR

RTR starfið við Þjónustumiðstöð aldraðra við Vitatorg hefur verið auglýst laust til umsóknar. Rétt er að ítreka við félagana sem áhuga hafa á að þjálfa sig á vinnumarkaði að sækja um. Starfið er til sex mánaða. Ráðið verður í stöðuna frá og með 6. júní.

Endurnýjaður
RTR samningur Geysis við félagsmálaráðuneytið var endurnýjaður á kynningar og aðstandendadaginn 17. maí. Starfið er til sex mánaða og felst í símsvörun,



Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra undirritar RTR samninginn við hátiðlega athöfn í Geysi

ljósritun og undirbúningi funda. Starfið hefur verið auglýst og verður ráðið í stöðuna í lok júní. Skorað á áhugasama að sækja um starfið sem býður upp á góða möguleika.

Guðni og Guðrún fara í Þjálfun

Vikurnar 3. til 21. júlí munu tveir starfsmenn, tveir félagar og einn stjórnarmaður fara í þjálfun í hugmyndafraeði Fountain House. Haldið verður til London þar sem Mosaic klúbbhúsið mun verða vinnu- og verkþjálfunarstaður hópsins. Þeir stafs-menn sem fara eru Kristinn og Þórunn, en félagar verða þau Guðni Helgason og Guðrún Helgadóttir

Klúbburinn Geysir er opin allra virka daga frá kl. 08.30 - 16.00, nema föstudaga er lokað kl. 15.00.

Fram undan í júní

Fimmtudagur 1. júní

Opið hús til kl. 20.00
Allir að mæta

Fimmtudagur 8. júní

Bíóferð (nánar auglýst síðar)

Fimmtudagur 15. júní

Ganga og kaffihús. Lagt af stað frá Geysi kl. 16.15

Fimmtudagur 22. júní

Keila

Fimmtudagur 29. júní

Grill (nánar auglýst síðar)

Athugið!

Lokað mánudaginn 5. júní
annan í hvítasunnu

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum félagana til að mæta á fundina.

Húsfundir!
Húsfundir eru nú á breyttum tímum. Mánudaga kl. 09:00 og miðvikudaga kl. 14:30. Ef félagar vilja hafa áhrif og koma sjónarmiðum sínum á framfæri eru húsfundir rétti vettvangurinn til að taka þátt í mótun starfsins.
Allir að mæta!!!

6. tölublað, júní 2006

Litli Hver

Geysisfélagar í London



Geysisfélagar héldu á vit ævintýrana í London um miðjan maí sl. Gist var í fjórar nætur og tókst ferðin með ágætum og mun verða mörgum félagana Geysis eftirminnileg, en þetta var í fyrsta sinn sem Geysisfélagar ferðast saman á erlendri grundu. Margt var að sjá og skoða í London, og reynt að nýta

tímann sem best til þess að ná að upplifa stórborgina af kostgæfni. Farið var í skoðunarferðir, söfn, veitingastaði og verslað, svo að eitthvað sé nefnt. Myndin hér að ofan er tekin af hluta hópsins fyrir utan gistiheimilið þar sem ferðalangarnir dvöldu meðan á dvöl þeirra í London stóð.

Vel heppnaður kynningar- og aðstandendadagur

Miðvikudaginn 17. maí var haldinn árlegur kynningar- og aðstandendadagur í Geysi. Fjöldi ættingja vina og áhugasamra velunnara Geysis sóttu klúbbinn heim á þessum degi, kynntu sér starfsemina, þáðu veitingar af kaffihlaðborði.

Á myndinni hér til hliðar má sjá gesti sem heimsóttu klúbbinn og kynntu sér starfsemina af miklum áhuga.



BYGGT Á OG REKID SAMKVÆMT ALÞJÓDLEGRU HUGMYNDAFRÆÐI FOUNTAIN HOUSE

Skipholt 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is

Hugarflugsfundurinn tókst mjög vel

Hugarflugsfundurinn sem haldinn var í Geysi laugardaginn 6. maí síðastliðinn tókst mjög vel, enda fjölmenntu félagar, starfsfólk og stjórnarmenn til fundarins. Eins og áður hefur verið bent á var tilgangurinn að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri. Niðurstöður verða síðan notaðar til þess að vinna að heildstæðri langtímastefnu-mótun fyrir klúbbinn. Samantekt þessarar vinnu verður birt í næsta Gosi.



Hér að ofan má sjá þrjár svipmyndir frá fundinum.

Styrkir til Geysis

Eins og undanfarin ár hefur Geysir sótt um styrki til einstakra framkvæmda innan klúbbsins. Klúbburinn fékk milljón króna styrk úr Pokasjóði, til endurnýjunar prentara - og tölvukosts, hálfra milljón fékk klúbburinn úr mannskriptaverkefni Leonardo áætlunar Evrópusambandsins vegna þjálfunar félaga, starfsmanna og stjórnarmanna í London í sumar. Klúbburinn fékk hundrað þúsund króna styrk úr Menningarsjóði Íslands - Finnlands til að kynna sér klúbbhúsastarfsemi í Finnlandi og bæjarstjórn Garðabæjar veitti klúbbnum hundrað þúsund króna styrk.


Öllum þessum aðilum eru hér færðar þakkir fyrir framlög sín til Geysis

Ársskýrsla Geysis

Ársskýrsla Klúbbsins Geysis er komin út. Áhugasamir geta nálgast hana á heimasíðu klúbbsins, www.kgeysis.is og í móttökunni.

Árangurskönnun

Enn og aftur fer Geysir af stað með árangurskönnun. Að þessu sinni verður könnunin lögð fyrir þá féлага sem mæta í klúbbinn og teljast virkir félagar. Könnunin verður því ekki send í pósti. Samkvæmt viðmiðunarreglu númer 29 ber að meta árangur starfsins hlutlægt og með reglubundnum hætti. Könnunin er því mjög nauðsynleg. Rétt að minna féлага á að taka þátt og leggja sitt af mörkum.



Fréttir af hús-fundum í maí

2. maí: Rætt var um hvernig skipuleggja átti aðstandenda - og kynningardag. Ákveðið að selja kaffihlaðborð á 1000 krónur Rúllandi kynningar verða á staðnum og minnt á daginn með því að senda bréf til félaga.

3. maí: Rætt um viðmiðunarreglu nr. 22. Hvort félagar geti orðið staðgenglar í RTR starfi þyrfti að þjálfra hóp fólks sem væri tilbúið að vera staðgenglar. Hvatt var til að allir mættu á hugarflugsfund.

8. maí: Hugarflugsfundurinn gekk vel, hugmyndin er að styrkja klúbbinn og forðast veikleika.

10. maí: Komið var með hugmynd um að stofna kvikmyndaklúbb. Hægt að horfa á myndir uppi á 3. hæð. Stungið upp á að halda Evróvisjón party

15. maí: Rætt um aðstandendadag. Þörf á því að hafa hreingerningardag fyrir aðstandendadaginn. Áfram rætt um Evróvisjón. Áhugi fyrir því að fólk hittist í klúbbnum til að horfa á beina útsendingu undankeppninnar á fimmtudaginn

18. maí: Rætt um sjálfbóðaliðastörf á vinnumiðuðum degi, hjá óskyldum aðilum. Skiptar skoðanir um hvort það væri rétt að hvetja til þess. Bent á hvort slíkt væri í þágu klúbbsins, þó að það gæti verið jákvætt fyrir einstaklingana sem taka þátt í slíku starfi. Samþykkt að ræða frekar á næsta fundi. Rætt um starfsmannamál vegna afleys-

inga í sumar, en ákveðið hefur verið að ráða Sigrúnu Klörudóttur. Ósk félaga að sá sem ráðinn er verði látinn máta sig við starfið og féлага klúbbsins.

22. maí: Rætt hvort hægt væri að bjóða upp á dansnámskeið. Samþykkt að athuga með slíkt. Svigrúm til hugmyndavinnu var nefnt, með það fyrir augum að nýttast síðar.

24. maí: Tilkynnt um þá féлага sem fara í þjálfun í Mósak í sumar. (sjá frétt á baksíðu þessa tbl.). Enn rætt um sjálfbóðaliðavinnu félaga hjá öðrum úrræðum. Rætt um hvort það samræmist viðmiðunarreglunum. Samþykkt að ræða frekar á næsta miðvikudagsfund. Ákveðin félagsleg dagskrá í júní. Rætt um matarkostnað. Hugmyndir um að setja saman verðskrá. Fólk hvatt til að sækja um laus RTR störf á Vitatorgi og í félagsmálaráðuneytinu.

29. maí: Rætt um tölvunámskeið og útbúning námsgagna vegna þess. Minnt á heimsóknir til félaga.

Anna Vald. rak inn nefið

Fyrirverandi framkvæmdastjóri Geysis Anna Valdemarsdóttir var í stuttri heimsókn á Íslandi um miðjan maí. Hún heilsaði upp á féлага í stuttu innliti í klúbbinn. Hún bar sig vel og sagði líf með dönskum hið skemmtilegasta og nýtt starf hennar mjög gefandi og ánægjulegt.



Anna ræðir við Sigrúnu Jóhannsdóttur í góða veðrinu. Í baksýn má sjá Elínu